



## Fundur háskólaráðs 20. febrúar 2003

### Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 17.02.2003  
Dags: 17.02.2003

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

4/2003

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 20. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Hörður Sigurgestsson, Hjalti Hugason, Ármann Höskuldsson, María Guðmundsdóttir, Þorsteinn Loftsson, Drífa Kristín Sigurðardóttir, Stefán Svavarsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Þórður Harðarson.

### 1. Mál til fróðleiks

1.1 Lögð fram skýrsla frá ráðstefnu um æðri menntun á vegum NUS og NUAS í Tromsø, 15.-17. ágúst 2002.

### 2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Lagt fram erindi, dags. 7. febrúar 2003, frá forseta læknadeildar um kjörgengi í embætti deildarforseta og varadeildarforseta.

- Stjórnsýslusviði falið að undirbúa svar háskólaráðs.

2.2 Lagt fram minnisblað, dags. 17. febrúar 2003, um samkomulag um vinnumatssjóð ásamt nýjum reglum um vinnumatssjóð Félags háskólakennara vegna rannsókna, dags. 14. febrúar 2003.

- Nýjar reglur um vinnumatssjóð Félags háskólakennara samþykktar einróma.

2.3 Lagt fram bréf frá Önnu Agnarsdóttur, forseta heimspekideildar, dags. 10. febrúar 2003, þar sem óskað er eftir að nafn skorar rómanskra og slavneskra mála verði breytt í skor rómanskra og klassískra mála.

- Samþykkt einróma.

2.4 Lagt fram bréf Sigrúnar Klöru Hannesdóttur, landsbókavarðar, dags. 12. febrúar 2003. Óskað er eftir endurskoðun og endurnýjun á „Samkomulagi Háskóla Íslands og Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns” frá 8. júlí 1997.

- Stjórnsýslusviði er falið að undirbúa málið í samráði við fulltrúa Háskóla Íslands í stjórn Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns.

2.5 Lögð fram tillaga rektors vegna Háskólatorgs.

Tillagan hljóðar svo:

„1. Háskólaráð feli rektor að hefja viðræður við stjórnvöld um fjármögnun Háskólatorgs, samanber meðfylgjandi blað, og annarra bygginga vegna stórauðinnna húsnaðisparfa Háskóla Íslands.

2. Háskólaráð feli rektor að ráða tímabundið til starfa arkitekt eða skipulagsfræðing til að ganga frá skipulagi lóðar Háskóla Íslands vestan Suðurgötu í því skyni að fá þar samþykkt deiliskipulag.

3. Háskólaráð feli rektor að skipa nefnd til að undirbúa byggingu Háskólatorgs.”

- Samþykkt einróma.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

#### 3.1 Viðbótarsamningur um kennslu. Staða mála.

Rektor gerði grein fyrir stöðu viðræðna við stjórnvöld um viðbótarsamning um kennslu. Enn sem fyrr er beðið viðbragða frá menntamálaráðuneytinu.

#### 3.2 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun, sbr. síðasta fund. (Yfirlit lagt fram 30. janúar sl.).

- Frestað.

#### 3.3 Fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2003.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir stöðu fjárhagsáætlunar Háskóla Íslands fyrir árið 2003. Í máli Ingjalds kom m.a. fram að fjármálanefnd hefur ekki lokið við fjárhagsáætlunina vegna þess að félagsvísindadeild hefur ekki enn skilað fjárhagsáætlun til fjár-mála-nefndar. Málið var rætt ítarlega.

#### 3.4 Fjárbreiðni Háskóla Íslands fyrir árið 2004.

Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði fjármálanefndar um fjárlagatillögu Háskóla Íslands fyrir árið 2004, dags. 20. febrúar 2003. Málið var rætt rækilega.

- Tillaga fjármálanefndar var samþykkt einróma.

#### 3.5 Fræðasetur Háskólans á landsbyggðinni. Skipulag.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Reglur um stofnun fræðasetra Háskóla Íslands samþykktar einróma.

#### 3.6 Tillaga starfshóps um framtíðarskipan íþróttamála við Háskóla Íslands.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að fela rektor að vinna úr og afgreiða tillögur starfshópsins.

#### 3.7 Þverfaglegt nám á meistarastigi við Háskóla Íslands. Skipulag. (Minnisblað lagt fram 9. janúar sl.)

Lagt fram minnisblað, dags. 19. febrúar 2003. Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Frestað.

#### 3.8 Tillaga að reglum hjúkrunarfræðideildar um diplómanám á meistarastigi.

Halldór Jónsson gerði grein fyrir drögum að reglum um diplómanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, sem lögð voru fram á fundi ráðsins 13. febrúar sl.

Málið var rætt.

- Reglur um diplómanám á meistarastigi við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands samþykktar einróma.

#### 3.9 Tilnefning fulltrúa háskólaráðs í dómnefnd um mat á hæfi umsækjenda um akademískar nafnbætur. (Minnisblað lagt fram á síðasta fundi).

- Frestað.

#### 3.10 Ritun aldarsögu Háskóla Íslands.

- Frestað.

#### 3.11 Inntökuskilyrði fyrir nám í verkfræðideild (Erindi forseta verkfræðideildar lagt fram á síðasta fundi).

Hjalti Hugason gerði grein fyrir málinu og framlagðri umsögn kennslumálanefndar vegna inntökuskilyrða í verkfræðideild. Málið var rætt.

- Frestað.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.15

